

Fundur 8.5.2023 Albert Einstein.

Komið þið sælir Íslendingar.

*Komdu sæll og góða kvöldið.*

Ekki skortið það að nóg af fólki umgangist ég hér á þessum framlífs hnetti mínum sem hefur margt gott og merkilegt til málanna að leggja, en þó finnst mér eins ég haf eitthvað skilið eftir á gömlu jörðinni og á mig sé hlustað þannig að ég geti haft áhrif, því tek ég því vel í það þegar ég er beðin um að tala á fundi ykkar eða þegar mér er það unnt að tala við framlífs mannkyn þar sem þekkingin er jafnvel ofur lítið meiri eða miklu meiri en er hjá okkur.

Er ég jafnvel tilbúin að tala á fundum þeim þar sem helstefna ríkir og ekki gengur eins vel að koma fólkinu til hamingju og björgunar en mér er það einnig mikilvægt að sár fortíðarinnar grói á gömlu jörðinni og hef ég eitt tíma mínum og athygli minni í það að grafast fyrir um margar orsakir hinnar miklu styrjaldar sem hafði svo mikil áhrif á mannkynssöguna og var ég af ýmsum sakaður um að bera ábyrgð á ýmsu af því sem hefur ógnað jörðinni og vera hluti af þeim, af þeim valdahópi sem hefur enn þá óæskilega mikil áhrif á jörðinni og jafnvel miklu víðar.

Ég finn strauma hatursins eflast í okkar garð á gömlu jörðinni og miklu víðar og er mér sagt frá því einnig, ýmsum sem eru í samtökum á minni framlífs jörð og er ég því mjög ákafur og viljugur að leiðrétta allar þær hugmyndir um okkur sem neikvæðar eru, ef mér er það unnt.

Og viðurkenni ég einnig fúslega að ég er afskaplega ósáttur við margt af því sem hefur haldið áfram á framlífs jörð minni og magnast jafnvel á sumum sviðum og er ég ekki trúrækin maður og hef ég aldrei litið á það svo að trúarhópur sá sem ég fæddist inn í, gefi mér sjálfkrafa réttindi til þess að fá meiri áheyrn í vísindaheiminum eða almennt, en mér er það ljóst að þesskonar hugmyndafræði réði miklu á gömlu jörðinni og gerir hér enn í ýmsum hópum.

Og er það flókið mál að útskýra hvernig ég hef í mínu persónulega lífi átt samskipti við fólk af ýmsum stéttum og forðast að byggja þess konar vegtillur sem hafa ekki snúist um mitt áhugamál og mín vísindalegu störf heldur um félagslegar viðurkenningar annarra einstaklinga úr mínum trúarhópi, sem bæði hafa stofnað með sér samtök og hafa náð langt í menningu og listum.

Og hef ég stundum, veit ekki hvort ég næ því í gegn, hef ég stundum móðgað háttsetta aðila hér og skapað mér nokkra óvild með því að hafa sjálfstæðari skoðanir á þessum málum heldur en við er að búast af manni í minni stöðu.

En það er vegna þess að ég finn að margt að því sem átti sér stað í fortíðinni er enn óútklárð og einnig er margskonar óréttlæti í gangi sem þarf að skilja og viðurkenna og finna ábyrgð sína.

Hef ég að vísu einnig átt þátt í nokkrum minni háttar uppgötvunum hér á þessari framlífs jörð, þar sem mér hefur fundist sem vafsamt verði hvernig þær verða notaðar en það er þó ekkert á við það sem ég hafði á samviskunni á gömlu jörðinni og get seint bætt fyrir það, en það er nú eitt af þessum álitamálum í minni starfsgrein sem ekki verður séð fyrir.

Hef ég átt merkileg samtöl við dr. Helga Pjeturss og hefur áhugi minn í framlífi beinst í mun fleiri áttir en hann gerði í framlífi og vildi ég gjarnan að uppfirningar mínar styddu meira við hið mikla samband og hvernig það megi verða uppgötvað af ykkar vísindamönnum og hefur sumt af því sem ég hef fengist við á þessari jörð hefur nokkur tengsl við það mikla samband sem útskýrt er af honum.

Áður en ég hætti vil ég gjarnan koma örlítið inn á mitt sérsvið og hvernig ég hef endurbætt kenningar mínar, og vil ég einnig þakka fyrir góðar viðtökur sem ég fékk síðast og þar áður, er ég talaði við ykkur.

Og finn ég nú dvína sambandið, reyni ég að koma þessu að með því að segja nafn mitt Albert Einstein.

*Komdu sæll, mig grunaði það, komdu blessaður, velkominn.*

Já, komið þið sælir.

*Gott að heyra í þér.*

Pakka ég fyrir.

Ljóshraðinn já ljóshraðinn, ég fékkst við margt við um æfina, en ekki tókst það allt, á minni frumlífs jörð, en ljóshraðinn var nokkuð sem ég fékk viðurkenningu fyrir og var ég mjög andvígur skammtafræðinni um tíma og var ég mjög andvígur svartholum og ýmsu öðru.

En hér í framlífi hef ég þurft að endurskoða það, áður en ég hætti í sambandinu, vil ég gjarnan reyna að útskýra það að til er meiri hraði en ljóshraðinn og hef ég komist að því í framlífi.

Og eru það stórmerkileg vísindi hvernig tíminn breytir um eðli og hegðun nálægt ljóshraðanum og hvernig segja má að komið sé inn í aðra vidd veruleikans þegar farið er yfir ljóshraðann og hefur okkur aðeins tekist það í hverflum og öðrum tækjum.

En höfum við einnig komist að því að til eru Verur sem hafa yfir að ráða, því sem við hér á framlífs hnetti okkar köllum yfir ljóshraða. Og mætti gjarnan tala úr Guðanna ríki.

Og hefur okkur aðeins tekist að útskýra lítinn hluta þeirra kenninga og var ég ekki samþykkur þeim kenningum þegar ég hingað kom, en hef ég haldið áfram að vinna við þessi fræði og bætt um betur. Það sem hér var uppgötvað á þessu sviði.

En finn ég nú orkuna minnka verð ég að kveðja brátt, ætla ég að reyna að svara örfáum spurningum.

*Þannig að þú vilt meina það að það sé ekki Gyðinganna að kenna, allt sem illa fer í heiminum?*

Nei, ég vil berjast á móti þeirri hugmynd, en eins og ég segi þá er ég ekki bókstafstrúaður þótt að ég sé stolltur af ætterni mínu og ég sækí félagsstörf og tengsl á vegum annarra Gyðinga samfélaga með veraldleg verkefni, en hef ég sett mig á móti þeim öfgaöflum sem byggjast upp í kringum trúarbrögð Jahve og slíkt. Og mætti ýmislegt meira um það segja síðar, við tækifæri.

*En þú sagðist hafa rannsakað upphaf heimstýrjaldarinnar, hver var niðurstaða þín?*

*Ástæðan fyrir stýrjöldinni?*

Nei ekki rannsakað upphaf en ég las mér til um, hvað, ég myndaði mér skoðun um það, hvort eitthvað væri hæft í því sem andstæðingar okkar hafa haldið fram og niðurstöður mínar voru ekki í samræmi við allan þann stuðning sem ég veitti hreyfingunni, við að stofna ríkið okkar.

Já, já.

Niðurstöðurnar eru flóknari og sumar komu mér á óvart, en ég þori nú ekki að fara út í það allt að sinni en ég get þó sagt með vissu að sumt er hæft í þessum samsæris kenningum og eins og ég hef áður sagt hef ég ekki, að fullu sáttur við það allt, en get ekki alveg farið út í það núna.

*Nei, nei, pakka þér fyrir.*

Verð ég víst að kveðja en þakka ég fyrir og vona að ég geti komið síðar, verið þið sælir.

*Vertu sæll og takk fyrir komuna*